

45

23. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 9. jan. 1935, um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ábyrgist lán, allt að kr. 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónum — fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi til þess að láta endursmiða og stækka m/s Laxfoss til að annast flutninga milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness og annarra þeirra staða, er henta þykir að dómi félagsins og samgöngumálaráðuneytisins. Lánið sé einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram viðbótarhlutafé, allt að 150 þúsund krónum, þó ekki yfir $\frac{1}{2}$ á móti framlagi annars staðar að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

46

23. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarfrankvæmda samkvæmt 1. gr., sem hefjist svo fljótt sem ástæður leyfa, heimilast ríkisstjórninni að taka lán innan lands, fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 20 milljónir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.